

Np.

133. Viðaukatillaga

við till. til þingsályktunar á þgskj. 97 (*Dýrtiðaruppbætur o. fl.*).

Flutningsm.: Sveinn Björnsson og Þorsteinn Jónsson.

Á eftir 4. lið komi nýr liður, sem verði 5. liður, svo hljóðandi:

5. Að greiða barnakennurum launaviðbót eftir þjónustualdri, eftir þeirri reglu:

- a. að þjónustualdur sje talinn byrja þegar kennarinn var fastráðinn við skóla, án tillits til þess, hvort hann hefir verið ráðinn með ákveðnu árskaupi eða eigi,
- b. að þegar kennari flyst frá einum launaflokki til annars, fái hann launabætur kennara þess flokks, er hann flyst til, og sje þjónustualdurinn talinn byrja, er hann var fyrst ráðinn kennari, hvort sem hann hefir verið farskólakennari, kennari við barnaskóla utan kaupstaða, barnaskóla í kaupstað, forstöðumaður skóla eða kennari.